

Ár 2018, sunnudaginn 16. september er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Knattspyrnusambandsins í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni, Kolbeini Árnasyni og Lúðvík Erni Steinarssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 3/2018

Knattspyrnudeild Völsungs

gegn

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

dómur

Völsungur Húsavík kærði þann 5. ágúst 2018, með heimild í b-lið ákvæðis 5.1 í 5. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, til Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, framkvæmd leik liðsins við Huginn Seyðisfirði í 2. deild. Leikur liðanna fór fram á Seyðisfjarðarvelli 17. ágúst 2018.

Af hálfu Völsungs var sú aðalkrafa gerð að síðustu 6 mínútur leiksins yrðu endurspilaðar, en til vara að leikurinn yrði endurspilaður í heild sinni, og allur kostnaður Völsungs af ferðalagi til Seyðisfjarðar vegna endurspils lagður á KSÍ. Til stuðnings kröfum sínum vísaði Völsungur til 30. gr. laga Knattspyrnusambands Íslands og reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, einkum 5., 7., og ákvæðis 12.1.1 í 12. gr.

Aga- og úrskurðarnefnd tilkynnti Huginn um framkomna kæru með bréfi formanns nefndarinnar Gunnars Guðmundssonar þann 20. ágúst 2018. Huginn skilaði greinargerð til Aga- og úrskurðarnefndar 27. ágúst 2018 og krafðist þess aðallega að málinu yrði vísað frá, þar sem í ekkert í lögum og reglum KSÍ heimilaði endurtekningu leiks. Til vara var þess krafist að sýknað yrði og úrslit leiks Völsungs og Hugins látin standa. Í greinargerð Hugins er tekið fram að á 91. mínútu leiksins hafi leikmanni Völsungs verið vikið af leikvelli og að mikil rekistefna hafi orðið vegna brottvísunarinnar, og eftirlitsdómari hafi reynt að hafa áhrif á ákvörðunartöku dómars án árangurs. Leikmaður Völsungs hafi fengið rautt spjald sem hafi átt að standa, þar sem ákvarðanir dómara leiks séu endanlegar og verði ekki breytt. Í greinargerð Hugins er þessu til stuðnings vísað til 3. mgr. 5. gr. knattspyrnulaga 2018 til 2019. Í greinargerð Hugins er síðan bent á, að dómari eigi að ganga frá leikskýrslu og skrá hana í gagnagrunn KSÍ. Dómari leiks Hugins og Völsungs hafi ekki skráð rauða spjaldið á leikskýrslu, sem hann hafi veitt Freyþór Hrafni Harðarsyni leikmanni Völsungs á 91. mínútu leiksins þegar hann vék honum af leikvelli. Huginn byggir á því í greinargerð sinni að dómaramum hafi verið þetta óheimilt og hann hafi átt að skrá rauða spjaldið á leikskýrslu, og það sé Aga- og úrskurðarnefndar að fjalla um það hvort rauða spjaldið eigi að standa eða ekki.

Aga- og úrskurðarnefnd kvað upp úrskurð sinn 4. september 2018 og vísaði frá kröfu Knattspyrnudeildar Völsungs um að síðustu sex mínútur leiks yrðu endurspilaðar og ferðakostnaður

Völsungs til Seyðisfjarðar vegna endurspils lagður á Knattspyrnusamband Íslands. Nefndin tók ekki afstöðu til varakröfu Völsungs.

Við áfrýjun úrskurðarins hefur lögmaður Völsungs gert þær kröfur:

Aðallega að síðustu sex mínútur leiks Hugins og Völsungs í 2. deild karla, sem fram fór á Seyðisfjarðarvelli 17. ágúst 2018 verði endurspilaðar með fullmönnuðu liði Völsungs.

Til vara að leikur Hugins gegn Völsungi í 2. deild karla, sem fram fór á Seyðisfjarðarvelli 17. ágúst 2018, verði endurspilaður með fullmönnuðu liði Völsungs.

Þá er sú krafa gerð að ferðakostnaður leikmanna og þjálfara verði greiddur af Knattspyrnusambandi Íslands.

Af hálfu áfrýjanda er á því byggt að dómara í leik Hugins og Völsungs hafi orðið á mistök þegar hann vék Freypór Hrafni Harðarsyni leikmanni Völsungs af velli á 91 mínútu vegna tveggja gulra spjalda í leiknum. Staðan í leiknum var þá jöfn og 5 mínútur eftir af viðbótartíma. Á þeim tíma sem lifði leiks skoraði Huginn mark og vann leikinn.

Samkvæmt 5. gr. knattspyrnulaga skal öllum knattspyrnuleikjum, sem fara fram milli félaga innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands í mótum sem sambandið skipuleggur stjórnað af dómara, sem hefur full réttindi til að framfylgja knattspyrnulögunum í sambandi við leikinn. Dómari á að gera sitt besta til þess að taka ákvarðanir í samræmi við knattspyrnulögin og anda leiksins og byggjast á mati dómara á aðstæðum og því svigrúmi sem knattspyrnulögin veita honum. Úrskurði dómara varðandi atvik leiks þ.m.t. hvort mark hafi verið skorað eða ekki og úrslit leiks eru endanlegir. Í lokamálslið 2. mgr. 5. gr. segir svo „Ávallt ber að virða ákvarðarnir dómarans og allra hinna í dómarateyminu.“ Samkvæmt ákvæðum 9. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót skal dómari ganga frá leikskýrslu að leik loknum og skrá hana í gagnagrunn KSÍ. Við gerð leikskýrslna ber dómara að gæta leiðbeininga KSÍ um efni leikskýrslna. Dómari á að skrá hverjir hafi gerst brotlegir, samkvæmt agareglum KSÍ og hver viðurlögin hafi verið.

Brottvísun Freypórs Hrafns Harðarsonar á 91. mínútu leiksins er óumdeild. Brottvísunin átti sér stað í beinu framhaldi af því að leikmaðurinn fékk gult spjald þrátt fyrir að hann hefði ekki áður fengið gult spjald í leiknum. Óumdeilt er að dómari taldi að Freypór Hrafn Harðarsonar hefði fyrir í leiknum fengið sitt fyrra gula spjald og hafði því metið svo að gula spjaldið sem Freypór Hrafn fékk á 91. mínútu leiksins væri seinna gula spjaldið hans í leiknum og því hafi honum verið vísað af velli.

Með því að veita Freypór Hrafni Harðarsyni rautt spjald á þann máta sem lýst hér að ofan fór dómari leiksins út fyrir það svigrúm sem knattspyrnulögin veita dómurum.

Í leikskýrslu leiks Hugins og Völsungs, sem skilað var til KSÍ, kemur fram að Freypór Hrafn Harðarson hafi fengið gult spjald á 91 mínútu. Leikskýrsla og ákvarðanir, sem óumdeilt er að dómari tók meðan á leik stóð, eru þannig misvísandi.

Í leikskýrslunni er ekki gerð grein fyrir því hvenær dómari endurskoðaði fyrri ákvörðun sína. Breyting dómara á ákvörðun sinni eftir að leik lauk er óheimil, sbr. 3. lið 2. mgr. 5. gr. knattspyrnulaga. Samkvæmt ákvæði þessu getur dómari ekki breytt úrskurði sínum jafnvel þó hann komist sjálfur að raun um, eða eftir ábendingu annarra í dómarateyminu, að dómur hafi verið rangur, ef leikurinn hefur

verið hafinn að nýju, eða dómariinn hefur flautað til loka fyrri eða seinni hálfleiks og farið út af leikvellingum eða hafi hann slitið leiknum.

Hvorki aga- og úrskurðarnefnd KSÍ né áfrýjunardómstóll KSÍ geta endurskoðað ákvarðanir dómara, sem teknar hafa verið á leiktíma, verið framkvæmdar, færðar til bókar og eru rétt færðar inn á leikskýrslu.

Samkvæmt 17. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er kappleikur aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ.

Leikskýrsla í leik Hugins og Völsungs var eins og að framan er rakið ranglega fyllt út og endurspeglaði ekki þá staðreynd að dómariinn hafði gefið leikmanni Völsungs rautt spjald vegna þess að hann taldi sig hafa gefið sama leikmanni áður í leiknum gult spjald.

Mikilvægi rétttra leikskýrslna, og afleiðingar þess séu þær vísitandi ranglega fylltar út af forsvarsmönnum knattspyrnuliða varðandi skipan liða kemur fram í 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Samkvæmt ákvæði þessu tapar það lið leik sem verður uppvíst af því að fylla ranglega út leikskýrslu.

Samsvarandi ákvæði er ekki að finna varðandi það álitaefni, ef dómari og eftir atvikum skrifstofa KSÍ, fyllir vísitandi rangt út leikskýrslu. Í slíkri háttsemi fellst hins vegar ótvírætt brot á 5. gr. knattspyrnulaga og skiptir þá engu þó breyting hafi verið leikmanni eða liði hans til hagsbóta. Knattspyrnulög eru eins og önnur lög sett til að farið sé eftir þeim og viðurlögum beitt séu þau brotin af þeim sem stjórna á leik og halda uppi lögum og reglum við framkvæmd hans.

Fari dómari leiks út fyrir það svigrúm sem knattspyrnulögin heimila honum er um að ræða brot á knattspyrnulögunum og reglugerðum KSÍ. Jafnframt með því að greina á rangan hátt frá agabrotum sem dómari hefur veitt leikmönnum felst brot á reglum KSÍ um knattspyrnumót varðandi efni leikskýrslna og viðurkenning á því að dómari hafi dæmt rangt á meðan leikur stóð yfir með þeim afleiðingum að í lið Völsungs vantaði einn leikmanna síðustu 5 mínútur leiksins.

Samkvæmt ákvæðum 12. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál getur aga- og úrskurðarnefnd úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans, sbr. lið 12.1.1 gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Engin heimild er til þess í lögum KSÍ eða reglugerðum um knattspyrnumót að láta endurspila hluta leikja, eins og aðalkrafa Völsungs lýtur að. Aga- og úrskurðarnefndin vísaði þeirri kröfu því réttilega frá.

Dómurum knattspyrnuleikja er skylt að gera skýrslur um framgang leiks og greina frá brotum leikmanna og annarra og refsingum sem leikmenn hafa hlotið. Dómarar, og eftir atvikum skrifstofa KSÍ, verða að haga skýrslugerð sinni um knattspyrnuleik í samræmi við gerðir og ákvarðanir sem teknar voru á leiktíma. Dómurum er með öllu óheimilt að breyta ákvörðunum eftir að leik lauk.

Með vísan til framangreinds verður leikur Hugins Seyðisfirði og Völsungs Húsavík á Seyðisfjarðarvelli 17. ágúst 2018 dæmdur ógildur og tekin til greina krafa Völsungs um að leikur félagsins við Huginn í 2. deild karla verði endurtekin og fari fram á Seyðisfjarðarvelli.

Dómari leiksins 17. ágúst 2018 var tilnefndur af Knattspyrnusambandi Íslands og starfaði á ábyrgð þess. Knattspyrnusamband Íslands verður því að bera kostnað Völsungs af því að ferðast til Seyðisfjarðar til að endurtaka leikinn.

Dómsorð

Leikur Hugins Seyðisfirði og Völsungs Húsavík í 2. deild sem leikin var 17. ágúst 2018 á Seyðisfjarðarvelli er ógildur og skal endurtaka hann á Seyðisfjarðarvelli.

Knattspyrnusamband Íslands greiði alla ferðakostnað Völsungs til Seyðisfjarðar.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]

Kolbeinn Árnason [sign]

Lúðvík Örn Steinarsson [sign]